



Skipulagsstofnun,
Laugavegi 166,
105 Reykjavík.

Selfoss, 13.02.2015

Efni: Umsögn Landssamtaka skógareigenda (LSE) að tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026

Landssamtök skógareigenda vill vekja athygli á því að skógrækt á bújörðum er landbúnaður og að skógarbændur eru aðilar að Bændasamtökum Íslands. LSE telur mikilvægt fyrir framtíð skógræktar sem atvinnugreinar að skipulag á landbúnaðarsvæðum séu ekki með þeim hætti að settar séu meiri skorður á einn ræktunarflokk umfram annarra ræktunarflokka. Með því að taka skógrækt til hliðar við aðra landnotkun er verið að skerða þann rétt landeigenda til að nýta land sitt á sem hagkvæmasta hátt. Eignaréttur er lögvarinn réttur í Stjórnarskrá Íslands.

Í tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru ákveðnar skoðanir á því hvernig landeigendur skipuleggi og nýti land sitt og hvernig sveitastjórnir eigi að flokka land til ræktunar. Árangur af ræktun ræðst af frjósemi lands og hæfni ræktandans til að ná sem bestum árangri og arðsemi út úr landi sínu.

Skógrækt er afturkræf framkvæmd og ekkert því til fyrirstöðu að fella skóg ef nýta á landið undir aðra mikilvægari ræktun.

Í kafla 2. Skipulag í dreifbýli

grein 2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands stendur m.a.

Í aðalskipulagi byggja skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið

skógræktar, landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðun um landbúnaðarland.

Umsögn LSE: Tillaga að breytingu á greininni.

Í aðalskipulagi byggja skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Við val á svæðum til skógræktar verði aðstæður metnar og stefnt að sem bestum árangri í ræktuninni. Samspil skógræktar við annan landbúnað, útivist og ferðapjónustu verði eðlilegur þáttur í heildarskipulagi landbúnaðarlands. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðun um landbúnaðarland.

Í kafla 2.3.2 flokkun landbúnaðarlands stendur

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins og Bændasamtök Íslands stendur fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu

LSE leggur til:

Að fulltrúi LSE og Skógræktar ríkisins séu einnig aðilar að gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til vota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu.

Í kafla 3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúrvár og umhverfisbreytinga

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig má með skilupagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftlagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, náttúrvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftlagsbreytingar verði lagðar til grundvalla skipulagsákvörðunar.

Hugleiðingar LSE:

Mikilvægt er að hafa í huga gildi skóga og kjarrlendis til að draga úr áhrifum öskufoks í kjölfar eldgosa. Einnig mikilvægi skóga til að binda land, sem minnkar líkur á skriðuföllum og að land fjúki.

Einnig mikilvægt að hafa í huga skuldbindingar Íslendinga í loftlagsmálum, um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða með því að auka kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu.

Landssamtök Skógareigenda skorar á Skipulagsstjóra að haldinn verði sérstakur fundur hjá Skipulagsstofnun með m.a. fulltrúum Skógræktar ríkisins, landshlutaverkefnanna í skógrækt, og LSE um þau atriði í tillög að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem snúa að skógrækt.